

Kaup Origo ehf. á Maven ehf.

8. júní 2026

Samrunaaðilar starfa á upplýsingatæknimörkuðum, en takmarkaðrar skörunar gætir á milli þeirra á mögulegum undirmörkuðum. Að sögn samrunaaðila sé Origo alhliða upplýsingatæknifyrirtæki og að Maven sé sérhæft á sviði gagna og viðskiptagreindar. Ekki eru vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Samkeppniseftirlit ið lauk málinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Origo ehf. (hér eftir „Origo“) á 96% af hlutafé í Maven ehf. (hér eftir „Maven“) ásamt öllum atkvæðarétt félagsins. Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 4. maí 2026. Byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann því að líða þann 5. maí 2026 í samræmi við 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 12. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur nr. 1390/2020. Samrunaaðilar töldu skilyrði fyrir því að tilkynna samrunann með styttri tilkynningu uppfyllt þar sem tveir eða fleiri aðilar samrunans starfa á sama vöru- og landfræðilega markaði (láréttur samruni) og markaðshlutdeild þeirra samanlagt væri minni en 20%, sbr. b. liður 6. mgr. 17. gr. a. laganna og b. liður 1. mgr. 10. gr. reglna nr. 1390/2020.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar, þar með talið þegar fyrirtæki nær yferráðum yfir öðru fyrirtæki, sbr. b. liður 1. mgr. 17. gr. laganna. Í samrunaskrá segir að þann 31. mars 2026 hafi annars vegar verið undirritaður kaupsamningur á milli Origo og meirihluta eigenda Maven um kaup Origo á öllu útgefnu hlutafé meirihlutaeigenda í Maven, sem jafngildi 93% af útgefnu hlutafé félagsins, og hins vegar hafi verið undirritaður kaupsamningur á milli Origo og minnihlutaeigenda Maven um kaup Origo á öllu hlutafé minnihlutaeigenda í Maven, sem jafngildi 3% af útgefnu hlutafé félagsins. Origo muni þar með verða eigandi 96% af útgefnu hlutafé félagsins, en halda öllum atkvæðarétt, 100%. Maven muni sjálft halda eigin hlutum, sem jafngildi 4% af útgefnu hlutafé félagsins. Ljóst er að í kaupum Origo á 96% af hlutafé í Maven ásamt öllum atkvæðarétt félagsins felst samruni í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
4. Í samrunaskrá kemur fram að Origo sé rekstrarfélag á sviði upplýsingatækni sem sinni hugbúnaðarþróun, þjónustu við tölvu- og skýjaumhverfi og rekstri tæknilegra innviða fyrir fyrirtæki og stofnanir. Origo bjóði fjölbreyttar lausnir frá stafrænni umbreytingu og kerfisrekstri til upplýsingaöryggis og sérlausna fyrir mannauðs- og orkugreinar. Félagið sinni jafnframt þróun og rekstri hugbúnaðarlausna, þjónustu við tölvukerfi, hýsingu og rekstri upplýsingatækni- og umhverfa auk almennri notendapjónustu og ráðgjöf á sviði upplýsingakerfa.



5. Samkvæmt samrunaskrá sé Origo dótturfélag í eigu Skyggnis Eignarhaldsfélags hf. (hér eftir „Skyggnir“) og tilgangur móðurfélagsins sé að starfa sem eignarhaldsfélag á sviði upplýsingatækni. Að sögn samrunaðila sé hlutverk Skyggnis fyrst og fremst að fjárfesta í og styðja við fyrirtæki í upplýsingatækni en sjálfstæð rekstrarfélög í eigu Skyggnis einbeiti sér að viðskiptavinum, vörum og rekstri. Í samrunaskrá komi fram að auk eignarhalds á Origo, fari Skyggnir með eignarhluti í 14 öðrum rekstrarfélögum, þ. á m. 45% hlut í Advise ehf. og 51% hlut í Data Lab Ísland ehf. Starfsemi Advise ehf. lúti að hugbúnaði á sviði viðskiptagreindar sem birti fjárhagsskýrslur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og aðstoði stjórnendur að fá betri innsýn í rekstur, taka upplýstar ákvarðanir og ná markmiðum. Starfsemi Data Lab Ísland ehf. lúti að gagnavísindum og gervigreind á Íslandi, en frá árinu 2016 hafi félagið boðið upp á lausnir og þjónustu sem styðji við hagnýtingu gagna og notkun gervigreindar.
6. Að sögn samrunaðila sé starfsemi Maven einnig á sviði upplýsingatækniþjónustu. Skráður tilgangur Maven sé þjónusta og ráðgjöf með hugbúnað og lausnir í upplýsingatækni sem byggja á nýtingu gagna í þágu fyrirtækja og stofnana og annar skyldur rekstur. Samkvæmt samrunaðilum felist starfsemi Maven einkum í uppsetningu og þróun gagnainviða, þar á meðal gagnavöruhúsa og gagnalóna, innleiðingu og þróun á greiningar- og skýrslulausnum, auk ráðgjafar um gagnastjórnun, viðskiptagreind, DataOps og verklag við meðhöndlun gagna. Þá hafi félagið í auknum mæli unnið að verkefnum tengdum miðlun gagna, þar með talið sjálfvirknivæðingu ferla og sambættingu milli hugbúnaðarlausna.
7. Samkvæmt umfjöllun í samrunaskrá starfi samrunaðilar á upplýsingatæknimarkaði. Að mati samrunaðila sé þó unnt að greina heildarmarkað fyrir upplýsingatækni í fjölmarga undirmarkaði, í samræmi við fyrri framkvæmd Samkeppniseftirlitsins.¹ Í samrunaskrá vísa aðilar einnig til fordæma í EES/ESB-samkeppnisrétti við skilgreiningu markaðar, einkum ákvarðana framkvæmdastjórnar ESB til marks um að skipta megi markaði fyrir viðskiptahugbúnað (eða viðskiptakerfi) niður í frekari undirmarkaði eftir virkni þeirra, þ.e.:²
 - a) fjárhagskerfi (e. *Enterprise Resource Planning, ERP*)
 - b) viðskiptatengslakerfi (e. *Customer Relationship Management, CRM*)
 - c) birgðastjórnunarkerfi (e. *Supply Chain Management, SCM*)
 - d) innkaupakerfi (e. *Supplier Relationship Management, SRM*)
 - e) vöruhlífssferilsstjórnunarkerfi (e. *Product Lifecycle Management, PLM*)
 - f) viðskiptagreiningarkerfi (e. *Business Analytics, BA*)
8. Að mati samrunaðila gefi samruninn þó ekki tilefni til þess að sundurliða markaðinn fyrir viðskiptahugbúnað með jafn ítarlegum hætti og að ofan greinir. Markaðurinn sé dýnamískur og

¹ Sjá t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2015, *Kaup Sensa ehf. á Basis ehf.*, nr. 23/2019, *Samruni Advania Holding hf og Wise lausna ehf.*, nr. 31/2015, *Samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf.*, og nr. 8/2021, *Kaup Crayon Group AS á öllu útgefnu hlutafé í Sensa ehf.*

² Sjá t.d. ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB í málum nr. COMP/M.4944 SAP/Business Objects, mgr. 7; COMP/M.5904 – SAP/SYBASE, mgr. 21.



tækniþreytingar örar. Einnig hafi gagnavísindi þróast hratt að undanfögnu og fyrirtæki eins og Maven hafi sérhæft sig í nýtingu gervigreindar.

9. Hvað varðar landfræðilegan markað vísa samrunaðilar til þess að í ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB hafi verið talið að landfræðilegir markaðir fyrir hugbúnað afmarkist að minnsta kosti við EES-svæðið og geti hugsanlega verið alþjóðlegir, enda sé hugbúnaður seldur yfir landamæri og samkeppnisskilyrði almennt svipuð á milli landa.³ Þó hafi Samkeppniseftirlitið talið að einstakir undirmarkaðir, einkum markaður fyrir fjárhagskerfi (e. *enterprise resource planning*), kunni að vera landfræðilega afmarkaðir við Ísland, m.a. vegna mikilvægis séríslenskra hugbúnaðarviðbóta, tenginga og þjónustu sem viðskiptavinir krefjast af sölu- og þjónustuaðilum.⁴ Að mati samrunaaðila sé þó ekki tilefni til að taka endanlega afstöðu til landfræðilegs markaðar.
10. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki tilefni til að gera athugasemdir við markaðsskilgreiningar samrunaaðila né tilefni til þess að taka nákvæma afstöðu til afmörkunar hans, en formleg afstaða til markaða hefur heldur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins.
11. Þegar kemur að samkeppnislegu áhrifum samrunans, telji samrunaaðilar að skörun þeirra sé takmörkuð og einkum bundin við afmarkaða ráðgjöf og þjónustu á sviði gagna, greininga og gervigreindar innan upplýsingatæknimarkaðar – sem sé fjölbreyttur og sundurleitur markaður. Í samrunaskrá segir að áætluð sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á annars vegar heildarmarkaði fyrir þróun, þjónustu og sölu á viðskiptakerfum sé á bilinu 10-15%, en hins vegar einungis 6%⁵ á hinum þrengri markaði fyrir þjónustu á gögnum og gagnainviðum.
12. Samkvæmt samrunaskrá sé Origo alhliða upplýsingatæknifyrirtæki með breitt þjónustuframboð, en Maven sé sérhæfður aðili á sviði gagna og viðskiptagreindar, þannig að samrunaaðilar séu að jafnaði ekki nánir keppinautar í þeim skilningi að stór hluti viðskiptavina standi frammi fyrir vali á milli þeirra tveggja einvörðungu. Í öðru lagi einkennist markaðsumhverfið af fjölmörgum öflugum innlendum og erlendum þjónustuaðilum sem bjóða sambærilega eða staðgengdarþjónustu að sögn aðila, og geti því veitt hinu sameinaða fyrirtæki samkeppnislegt aðhald eftir samrunann. Í þriðja lagi leiði samruninn ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, enda sé sameiginlegt vægi samrunaaðila, takmarkað. Að lokum telji samrunaaðilar að engar aðgangshindranir séu fyrir hendi á markaðinum, m.a. þar sem þjónustan byggir að verulegu leyti á mannafla og sérþekkingu sem er almennt færanleg á milli fyrirtækja, auk þess sem verkefni á sviði gagna og greininga séu að jafnaði unnin á samkeppnismarkaði þar sem viðskiptavinir geta boðið út verkefni og skipt um þjónustuaðila.
13. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.
14. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnis markaði. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna helstu keppinauta og viðskiptavina

³ Sjá t.d. ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB í málum nr. M.8984 HG / VISTA /ALLOCATE, mgr. 24; M.5904 SAP/SYBASE, mgr. 29; og M.4944 SAP / Business Objects, mgr. 18.

⁴ Sjá rit nr. 3/2019, *Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi*, bls. 3.

⁵ Að meðtöldum Data Lab Ísland ehf. og Advise ehf.



samrunaaðila. Viðbrögð bárust frá fáum þeirra fyrirtækja sem leitað var til og í þeim umsögnum voru ekki gerðar athugasemdir við markaðsskilgreiningu eða umfjöllun samrunaaðila um samkeppnisleg áhrif samrunans.

15. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Origo ehf. á 96% af hlutafé í Maven ehf. ásamt öllum atkvæðarétt félagsins fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson